

Jöklarannsóknafélag Íslands

Skýrsla stjórnar Jöklarannsóknafélags Íslands á aðalfundi
27. febrúar 1996

SKIPAN STJÓRNAR OG NEFNDA

Síðasti aðalfundur Jöklarannsóknafélags Íslands var haldinn 28. febrúar 1995 í Tæknigarði. Fundarstjóri var Hjálmar R. Bárðarson og Guttormur Sigbjarnarson ritari. Á fyrsta stjórnarfundi eftir aðalfund, 6. mars, skipti stjórnin með sér verkum og var dregið um röð manna í varastjórn. Stjórnin var þannig skipuð:

Aðalstjórn:

Helgi Björnsson formaður,
kosinn 1995 til þriggja ára,
Einar Gunnlaugsson varaformaður,
kosinn 1995 til tveggja ára,
Oddur Sigurðsson ritari,
kosinn 1995 til tveggja ára,
Jón Ísdal gjaldkeri,
kosinn 1994 til tveggja ára og
Stefán Bjarnason meðstjórnandi,
kosinn 1994 til tveggja ára.

Varastjórn:

Alexander Ingimarsson fyrsti varamaður,
kosinn 1995 til tveggja ára.
Ástvaldur Guðmundsson annar varamaður,
kosinn 1995 til tveggja ára.
Hannes Haraldsson þriðji varamaður,
kosinn 1994 til tveggja ára.
Jón Sveinsson fjórði varamaður,
kosinn 1994 til tveggja ára.

Valnefnd skipuðu Sveinbjörn Björnsson kosinn 1994 til þriggja ára, Gunnar Guðmundsson kosinn 1995 til þriggja ára og Stefán Bjarnason kosinn 1995 til eins árs.

Oddur Sigurðsson, ritari félagsins hafði umsjón með fundargerðum og fréttabréfi, en Einar Gunnlaugsson sá um félagaskrá, dreifingu Jökuls innanlands og utan,

gíróseðla og samstarf um slík mál við gjaldkera.

Stjórn félagsins kaus formenn hinna ýmsu nefnda og völdu þeir með sér nefndarmenn. Nefndir voru þannig skipaðar:

Rannsóknanefnd: Helgi Björnsson formaður og Jón Sveinsson, Raunvísindastofnun, Hannes Haraldsson, Landsvirkjun, Magnús Már Magnússon, Veðurstofu og Oddur Sigurðsson, Orkustofnun.

Útgáfustjórar Jökuls: Helgi Björnsson og Einar Gunnlaugsson en fagritstjórar: Áslaug Geirsdóttir, Bryndís Brandsdóttir, Freyr Þórarinsson og Tómas Jóhannesson.

Skálanefnd: Stefán Bjarnason formaður, Alexander Ingimarsson, Ástvaldur Guðmundsson, Guðlaugur Þórðarson, Jón Ísdal og Sverrir Hilmarsson.

Bílanefnd: Þorsteinn Jónsson formaður, Árni Páll Árnason, Garðar Briem, Hafliði Bárður Harðarson og Halldór Gíslason yngri.

Ferðanefnd: Ástvaldur Guðmundsson formaður, Árni Páll Árnason og Hannes Haraldsson.

Bílanefnd sá að þessu sinni um störf skemmtinefndar. *Endurskoðendur* félagsins voru Elías B. Elíasson og Árni Kjartansson.

Hinn 1. febrúar 1996 voru félagar skráðir 513, 13 heiðursfélagar, 393 almennir félagar, 8 fjölskyldufélagar, 47 stofnanir og 52 bréfafélagar. Auk þess fengu 7 fjölmiðlar sendann Jökul og fréttabréfið. Erlendir áskrifendur voru 64.

FJÁRMÁL

Ég mun ekki fjalla mikið um fjármál í þessari skýrslu þar sem gjaldkeri mun gera nánari grein fyrir þeim hér á eftir. Þó er vert að minnast aðeins á tekjuöflun félagsins. Á undanförunum árum hefur framlag ríkisins til félagsins farið minnkandi. Lengst af var fjárveiting til félagsins um 500 þúsund krónur á núgildandi verðlagi. Árið 1993 féll framlag ríkisins alveg niður og á síðasta ári var framlagið aðeins 150 þúsund